



SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands starfsárið
2024-2025

Starfsemi sálfræðingafélagsins 2024-2025

Í fyrsta sinn er Sálfræðingafélagið nú með tvo starfsmenn í fullu starfi eftir að formaður kom í fullt starf frá og með maímánuði 2024. Starfsemi félagsins þetta starfsár markaðist af því að allir kjarasamningar voru lausir frá og með 1. apríl 2024. Fram að þeim degi var unnið að undirbúningi kjarasamningagerðar og eftir 1. apríl 2024 hefur mjög mikill tími farið í kjarasamningavinnu sem hafði svo áhrif á alla aðra starfsemi í félaginu.

Félagar

Félagar í Sálfræðingafélagi Íslands eru nú 836.

Stéttarfélagsaðild hafa nú 641, fagaðild hafa 48. Nemar í klínískri sálfræði og sálfræðingar búsettir erlendis geta haft aukaaðild. Aðilar með aukaaðild eru nú 97, þar af 19 vegna starfa eða búsetu erlendis. Lífeyrisaðild hafa 41 og heiðursfélagar eru níu. Enginn er með fræðaaðild.

Árið 2023 voru gefin út 48 ný starfsleyfi sálfræðinga og ellefu sérfræðileyfi. Það er rétt að vekja athygli á því að fjöldi útgefinna starfsleyfa hefur undanfarin ár að jafnaði verið 10-15% fleiri en sem nemur fjölda útskrifaðra úr klínísku framhaldsnámi í HÍ og HR. Íslenskir sálfræðingar sem kjósa að stunda sitt nám erlendis og erlendir sálfræðingar sem kjósa að búa og starfa á Íslandi eru mikilvægir samfélagi sálfræðinga á Íslandi vegna þess að með þeim eykst fjölbreytileiki fagsins og þau auðga þannig okkar faglegu menningu.

Stjórn

Í stjórn á starfsárinu sátu: Pétur Maack Þorsteinsson formaður, Gyða Dögg Einarsdóttir varaformaður, Álfheiður Guðmundsdóttur gjaldkeri, Ólafía Sigurjónsdóttir ritari, Elísa Guðnadóttir meðstjórnandi og Huguína Vignisdóttir meðstjórnandi. Eitt sæti meðstjórnanda var ósetið undanfarið ár.

Anna María Frímannsdóttir er framkvæmdastjóri Sálfræðingafélags Íslands.

Á aðalfundi 2025 líkur fyrsta kjörtímabili Péturs sem formaður. Auglýst var eftir framboðum til embættis formanns í ársbyrjun í samræmi við lög félagsins. Pétur bauð sig fram til áframhaldandi formennsku án mótframboðs. Hann var því sjálfkjörinn.

Í ár líkur einnig tveggja ára kjörtímabili Huguínar Vignisdóttur sem meðstjórnandi. Í marsmánuði var auglýst eftir framboðum í tvær stöður meðstjórnenda. Huguína bauð sig fram til áframhaldandi starfa og Ingólfur Tryggvi Elíasson bauð sig einnig fram. Ekki bárust

önnur framboð í stöður meðstjórnenda og þau eru því sjálfkjörin. Stjórn SÍ verður því fullmönnuð næsta árið hið minnsta.

Fastir fundir stjórnar eru að jafnaði einu sinni í mánuði tvær klukkustundir í senn. Reglubundnir stjórnarfundir á starfsárinu sem nú er að ljúka voru 12 auk tveggja starfsdaga stjórnar.

Nefndir

Skýrslur nefnda eru aðgengilegar á vef Sálfræðingafélagsins.

Fagrað

Formaður Fagraðs er Gyða Haraldsdóttir. Fagrað var ekki kallað saman á árinu. Gyða lætur nú af störfum í fagraði sökum aldurs. Gyða hefur um langt árabil verið mikilvirk í starfi Sálfræðingafélagsins og gengt fjölbreyttum trúnaðarstörfum. Henni eru því færðar bestu þakkir fyrir hennar framlag til Sálfræðingafélagsins og eflingar fagsins undanfarna áratugi.

Siðanefnd

Formaður siðanefndar er Ingibjörg Markúsdóttir. Starfsemi nefndarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Aðrir meðlimir siðanefndar eru Guðrún Oddsdóttir, dr. Hörður Þorgilsson, dr. María K. Jónsdóttir og Matthías Matthíasson. Kjörtímabil í siðanefnd er fjögur ár. Enginn nefndarmanna er að ljúka kjörtímabili nú.

Prófanefnd

Formaður prófanefndar er Auðunn Valborgarson. Nefndin fundaði einu sinni á árinu. Aðrir nefndarmenn eru Soffía Elín Sigurðardóttir og Örnólfur Thorlacius.

Fræðslunefnd

Formaður fræðslunefndar er Tinna Baldursdóttir. Aðrir nefndarmenn eru Helga Lára Haarde, Lilja Dís Ragnarsdóttir, Ágústa Friðriksdóttir og Hildur Ósk Gunnlaugsdóttir. Fræðsludagskrá hófst að afloknum sumarleyfi og haustið 2024 voru haldnir fræðslufundir í október, nóvember og desember. Það sem af er ári 2025 hafa verið haldin fræðsluerindi í janúar og febrúar.

Fagdeildir

Fagdeild sálfræðinga við skóla

Starf fagdeildar sálfræðinga við skóla var með hefðbundnu sniði á árinu og reis að vanda hæst með haustþingi í Hveragerði dagana 7.-8. nóvember. Skýrsla fagdeildar er aðgengileg

á vef Sálfræðingafélagsins. Álfheiður Guðmundsdóttir er formaður Fagdeildar sálfræðinga við skóla.

Aðrar fagdeildir hafa ekki verið virkar á árinu.

Undirfélög

Skýrslur undirfélaga eru aðgengilegar á vef Sálfræðingafélagsins.

Fagfélag sálfræðinga í heilsugæslu

Stjórn Fagfélags sálfræðinga í heilsugæslu fundaði reglulega á starfsárinu. Skýrsla félagsins er aðgengileg á vef Sálfræðingafélagsins. Gyða Dögg Einarsdóttir latur nú af störfum sem formaður félagsins. Nýr formaður er Jónas Björgvin Sigurbergsson.

Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi

Ekki var starfsemi í félaginu á starfsárinu.

Sálfræðiritið

Sigurður Viðar, Inga María Ólafsdóttir og Tómas Kristjánsson skipuðu ritstjórn Sálfræðiritsins árið 2024. Skýrsla ritstjórnar er aðgengileg á vef Sálfræðingafélagsins.

Félagsstarf fastir liðir

Haustfundur

Haustfundur SÍ var haldinn í HR föstudaginn 8. nóvember með hefðbundnu sniði. Að þessu sinni var umfjöllunarefnið staða barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Framsögur fluttu Helga Vilhjálmsdóttir, sálfræðingur og forstöðumaður skjólaþjónustu á Akureyri, Elísa Guðnadóttir, sálfræðingur og ráðgjafi farsældar í leikskólum í Kópavogi, Sigurveig Þórhallsdóttir lögfræðingur hjá Umboðsmanni barna og Ólög Ásta Farestveit forstjóri Barna og fjölskyldustofu.

Aðsókn var góð að vanda bæði á staðnum og í streymi. Þau sem mættu á staðinn gæddu sér á veitingum í boði félagsins að fundi loknum.

Sálfræðiping

Sálfræðipingið fór fram dagana 19. til 21. mars. Dagskráin hófst með almenningsfræðslu miðvikudagskvöldið 19. mars. Flytjendur fræðslu voru sálfræðingarnir Brynjar Halldórsson og Elín Anna Baldursdóttir. Þau fjölluðu um foreldramiðaða HAM meðferð fyrir börn með kvíðavanda.

Fimmtudaginn 20. mars buðu ýmsir vinnustaðir og stofnanir sálfræðingum heim líkt og fyrri ár. Auk þess voru nú tvær vinnustofur á vegum Sálfræðingafélagsins á fimmtudeginum. Annars vegar kenndu þau Ólafía Sigurjónsdóttir, Ásmundur Gunnarsson og Tómas Páll Þorvaldsson um hagnýt tæki og tól í undirbúningi fyrir meðferð við þráhyggju og árátturöskun og hins vegar kenndu Inga Wessman og Katrín Mjöll Halldórsdóttir um sjálfsvígshættumat og inngrip byggð á því.

Ráðstefnudagur þingsins var föstudaginn 21. mars. Dr. Einar Guðmundsson veitti heiðursverðlaunum SÍ viðtöku og er hann níundi heiðursverðlaunahafi Sálfræðingafélags Íslands á Sálfræðipingi. Einnig var viðurkenning fyrir framúrskarandi útskriftarverkefni í MS námi í klínískri sálfræði veitt í sjöunda sinn. Þá viðurkenningu hlaut nú Sandra S. Gunnarsdóttir sem lauk klínísku meistaranámi frá HÍ.

Heiðursgestur þingsins og aðalfyrirlesari var dr. Cathy Cresswell. Fyrirlestur hennar fjallaði um hagnýtingu stafrænna lausna til að bæta aðgengi að sálfræðimeðferðum fyrir börn og ungmenni. Í erindi sínu lýsti hún nýjungum sem nú er verið að innleiða á Bretlandseyjum.

Löng hefð er fyrir því að heiðursgestur þingsins haldi vinnustofu á fimmtudegi fyrir þing. Að þessu sinni reyndist það ekki mögulegt vegna annarra skuldbindinga hennar. Þess í stað var vinnustofa hennar á föstudeginum en þar var umfjöllunarefnið algengar hindranir og vandamál í meðferðarvinnu með kvíðnum börnum og foreldrum þeirra.

Vísindadagskrá þingsins var venju samkvæmt góð með þátttöku fræðimanna og starfandi sálfræðinga. Án öflugs fag- og vísindafólks er árlegt fagþing sálfræðinga í raun óhugsandi. Það er eftirtektar- og aðdáunarvert hversu sterkt vísindastarf er unnið innan sálfræðifagsins á Íslandi í ljósi þess hve fá við erum.

Fundur með meistaranemum í klínískri sálfræði

Formaður og framkvæmdastjóri SÍ hafa undanfarin ár fundað tvisvar á vetri með MS nemum í klínískri sálfræði. Að hausti er fundur fyrir alla MS nema í klínískri sálfræði og á vorönn er haldinn fundur með þeim hópi sem er að útskrifast það vor til að fjalla um ýmis kjaratengd málefni, kjarasamninga, réttindi, launþegasamband, verktöku, veikindarétt, orlofsrétt og fleira. Á þessum seinni fundi er stéttarfélagshlutverk Sálfræðingafélagsins kynnt sérstaklega.

BHM

BHM eru heildarsamtök 24 sjálfstæðra stéttarféлага háskólamenntaðra. Þátttaka í starfi BHM er SÍ mikilvæg auk þess sem framlag sálfræðinga á ýmsum vettvangi BHM er Bandalaginu mikilvægt.

Haustið 2023 tóku formaður og framkvæmdastjóri þátt í töluverðri vinnu með það að markmiði að greina væntingar og þarfi aðildarféлага BHM til miðlægrar þjónustu bandalagsins við aðildarfélög einstaka félagsmenn. Þeirri vinnu er ekki lokið og vel má halda því fram að henni eigi aldrei að ljúka þar sem hlutverk BHM ætti að vera í stöðugri endurskoðun.

Fulltrúar SÍ í nefndum og stjórnnum BHM:

Anna María Frímannsdóttir er fulltrúi í framkvæmdanefnd starfsmats

Pétur Maack Þorsteinsson situr í lífeyris- og lánanefnd og stjórn Sjúkrasjóðs

Húsnæðismál

Sálfræðingafélagið hefur nú komið sér ágætlega fyrir í Borgartúni 27 ásamt 9 öðrum aðildarfélögum BHM. Þar er félagið með leigusamning til næstu fjögurra ára. Fleiri aðildarfélög BHM hafa verið að koma sér fyrir í Borgartúni 27 auk þess sem skrifstofa BHM er til húsa á fyrstu hæð hússins.

Félagið á enn hlut í Húsfélagi BHM sf. sem heldur utan um eignarhlut BHM og aðildarféлага að Borgartúni 6. Sú eign er nú á söluskrá en óseld. Þó að núverandi leiga sé hagstæð er það afstaða stjórnar félagsins að til framtíðar sé farsælla að félagið verði í eigin húsnæði ásamt fleiri aðildarfélögum BHM og í nánd við aðalskrifstofu BHM.

Erlent samstarf

Samstarf við starfssystkini á Norðurlöndum og í Evrópu er Sálfræðingafélagi Íslands mikilvægt. Á yfirstandandi starfsári var það með hefðbundnu sniði.

Vorfundur SAK fór fram í Færeyjum í lok apríl. Á vorfundum eru fagmál í brennidepli. Haustfundur SAK fór fram í Kaupmannahöfn í lok október. Á haustfundi eru kjaramál jafnan í brennidepli og samanburður á kjörum sálfræðinga innan sinna landa. Óhætt er að segja að staða samningamála á Íslandi hafi vakið nokkra furðu á meðal fundarmanna. Fundarmenn fengu einnig kynningu á samþættri þjónustu við börn á sveitarfélagastigi í Damörku.

Auk reglubundinna funda formanna og framkvæmdastjóra var erlent samstarf siðanefndar með hefðbundnu sniði en fulltrúar siðanefndar sóttu sameiginlegan fund siðanefnda sálfræðinga á Norðurlöndunum í Kaupmannahöfn 26.-28. September.

Kjaramál

Kjaramál voru áfram fyrirferðarmikil í starfi Sálfræðingafélagsins á starfsárinu sem er að ljúka. Allir kjarasamningar voru lausir frá og með 1. apríl 2024.

Í samningaviðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga var SÍ í samstarfi við sex önnur aðildarfélög BHM. Skrifað var undir kjarasamning SÍ við Sambandið þann 4. desember. Sálfræðingar í þjónustu sveitarfélaga greiddu svo atkvæði um samninginn sem var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Samningurinn tryggir sálfræðingum hjá sveitarfélögum launahækkunar í töflu sem nemur frá 14,48% til 17,59% á gildistíma samningsins.

Í samningaviðræðum við Reykjavíkurborg var SÍ í samstarfi við sex önnur aðildarfélög BHM. Skrifað var undir kjarasamning SÍ við Sambandið þann 10. janúar. Sálfræðingar hjá Reykjavíkurborg greiddu svo atkvæði um samninginn sem var samþykktur með 94,6% greiddra atkvæða. Kosningabátttaka var rúm 71%. Samningurinn tryggir sálfræðingum hjá Reykjavíkurborg launahækkunar í töflu sem nemur frá 15,14% til 17,96% á gildistíma samningsins.

SÍ hóf samningaviðræður við ríkið í samstarfi við 12 önnur aðildarfélög BHM í apríl 2024. Fundað var nokkuð þétt út júní þegar tekið var hlé fram í ágúst mánuð. Áfram var fundað allt síðast liðið haust, þó þannig að smám saman heltust einstök stéttarfélög úr lestinni þegar þau skrifuðu undir samning. Þegar komið var fram undir jól sátu sex félög eftir og skrifuðu undir kjarasamninga dagana 21. – 23. des þar sem SÍ var síðast til að skrifa undir á Þorláksmessu. Samningurinn fór svo í atkvæðagreiðslu 3.-10. janúar þar sem sálfræðingar felldu samninginn afgerandi með 61,2% greiddra atkvæða. Kjörsókn var 77%. Samninganefndi SÍ situr því áfram með SNR en nú ein. sjö fundir hafa verið haldnir frá því í janúar.

Réttindamál

Stuðningur við félagsfólk – það sem kalla má hefðbundin stéttarfélagamál – hefur verið vaxandi hluti af störfum framkvæmdastjóra og formanns. Með fjölgun félagsfólks er fyrirsjáanlegt að þessi þáttur starfseminnar fari áfram vaxandi.

Þannig fengu 53 félagar í SÍ stuðning sem nam tveimur eða fleiri samskiptum á árinu 2024. Heildarfjöldi snertinga eða samskipta var 278.

Sýnileiki

Undanfarið starfsár hefur það verið markmið Sálfræðingafélagsins að auka sýnileika sálfræðinga og sálfræðinnar sem fags. Það höfum við einkum gert með því að nýta samfélagsmiðla til að miðla áfram og vekja athygli á skrifum sálfræðinga í fjölmiðla og þegar þeir hafa verið í viðtölum. Sálfræðingar eru duglegir að birta greinar um málefni líðandi stundar og hampa þar sjónarhorni sálfræðinnar.

Fagmál og aðrar áherslur

Fundað var með starfsfólki Embættis Landlæknis vegna útgáfu starfsleyfa til sálfræðinga sem hafa menntað sig annars staðar en á Íslandi og útgáfu sérfræðiviðurkenninga. Á þeim fundi var farið yfir ýmsa hnökra sem félagið telur vera á þessum málum. Í kjölfarið virtist sem einhver hreyfing kæmist á útgáfu leyfa en hún virðist því miður aðeins hafa verið tímabundin.

Áfram hefur verið unnið að því að ná Sjúkratryggingum Íslands að samningaborði um gerð samstarfssamnings Sjúkratrygginga og Sálfræðingafélagsins um þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Formaður var í samtali við frambjóðendur frá velflestum stjórnmalaflokkum sem buðu fram í alþingiskosningunum 30. nóvember. Fulltrúar allra flokka lýstu vilja til að bæta geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með því að bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu. Einnig var fundað með starfsfólki Sjúkratrygginga s.l. haust til að benda á annmarka á rammasamningi Sjúkratrygginga fyrir sálfræðinga. Á þeim fundi kom m.a. fram að það sé vilji Sjúkratrygginga að hverfa frá einhliða rammasamningum við heilbrigðisstarfsfólk og taka upp samstarfssamninga við stéttir fagfólks. Í kjölfar fundarins ritaði formaður Sálfræðingafélagsins bréf til Sjúkratrygginga þar sem skorað var á stjórn stofnunarinnar að ganga til viðræðna við fulltrúa Sálfræðingafélags Íslands um fullgildan samstarfssamning sambærilegan þeim sem gerðir hafa verið við aðrar heilbrigðisstéttir. Því bréfi hefur ekki verið svarað. Næsta skref er því að taka málið upp með heilbrigðisráðherra. Mikilvægt er að gjaldskrá samningsins sé samkeppnishæf og að hægt sé að meðhöndla allar algengustu geðraskanir innan samningsins ef hann á að þjóna tilgangi sínum.

Annað stórt áherslumál sem sálfræðingar hafa barist fyrir lengi er að ákvæði um starfspjálfunarár í reglugerð um starfsleyfi sálfræðinga komist til framkvæmda. Formaður hefur átt í viðræðum við fulltrúa heilbrigðisráðuneytis um málið án þess að niðurstaða liggi fyrir. Næsta skref er því að taka málið upp með heilbrigðisráðherra líkt og gert hefur verið með öllum öðrum heilbrigðisráðherrum frá því að ákvæði um starfspjálfunarár var fyrst slegið á frest árið 2015.

f.h. stjórnar



Pétur Maack Þorsteinsson formaður SÍ

Stjórn og starfsfólk Sálfræðingafélags Íslands 2023-2024

Formaður: Pétur Maack Þorsteinsson

Varaformaður: Gyða Dögg Einarsdóttir

Gjaldkeri: Álfheiður Guðmundsdóttir

Ritari: Ólafía Sigurjónsdóttir

Meðstjórnendur: Elísa Guðnadóttir og Hugrún Vignisdóttir

Framkvæmdastjóri: Anna María Frímannsdóttir